

Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar  
og  
Kennarasamband Íslands  
hins vegar  
gera með sér svofellt

**SAMKOMULAG**

um breytingar og sérstakar kjarasamningsgreinar vegna upptöku nýs vinnumats kennara í framhaldsskólum frá 1. ágúst 2015 og nauðsynlegar breytingar á eldri kjarasamningsgreinum vegna þess samkvæmt 12. grein. Aðilar eru sammála um að kjarasamningur þeirra frá 4. apríl 2014 haldi gildi sínu með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast.

**1. grein**

**Tilfærsla launabreytinga**

Sú breyting verður á 2. grein samningsins að 8% launahækkun sem að koma átti til framkvæmda 1. maí 2015 kemur til framkvæmda 1. júní 2015. Sama gildir um hækkun sem tilgreind er í erindisbréfi nefndar skv. 14. grein.

**2. grein**

**Breyting á sundurliðun vinnuþáttar B**

Aðilar eru sammála um eftirfarandi breytingu á B þætti samkvæmt 6. grein kjarasamnings aðila frá 4. apríl síðastliðnum, samanber efni viðauka 1 með sama samningi um sundurliðun vinnuþáttar B. Breytingin tekur til þáttarins „Önnur vinna skv. reglugerð“ sem heldur óbreyttri samtölu en breytist og verður svohljóðandi:

Önnur vinna kennara samtals 143 klst. eða um það bil 4 klst á viku í 36 vikur, þar af áætlað:

<i>Kennarafundir</i>	<i>u.þ.b. 27 klst. á starfstíma skólans</i>
<i>Yfirseta í prófum annara</i>	<i>u.þ.b. 20 klst. á skólaárinu.</i>
<i>Faglegt samstarf</i>	<i>u.þ.b. 1 klst. x 36 vikur á starfstíma skólans</i>
<i>Viðtalstímar</i>	<i>u.þ.b. 24 klst. á starfstíma skólans</i>
<i>Almenn upplýsingagjöf</i>	<i>u.þ.b. ½ klst. x 36 vikur á starfstíma skólans</i>
<i>Almenn umsjónarstörf</i>	<i>u.þ.b. ½ klst. x 36 vikur á starfstíma skólans</i>

**3. grein**

**Viðmiðunarfjöldi nemenda í námshópum**

Samningsaðilar eru ásáttir um að seinni málsgrein í liðnum *Sívirkt námsmat* í 7. grein falli brott og í stað hennar komi eftirfarandi:

Vinnumat áfanga skal vera óbreytt frá upphafi til loka hans og miða skal vinnumat við nemendafjölda eftir þrjár vikur (nemendafjöldi fjórðu viku). Um áfanga með annan fjölda kennsluvikna en 15 gildir með sama hætti nemendafjöldi eftir fimmtung kennslutímans. Fjölgun í námshópum skal þó hafa áhrif á vinnumat frá þeim tíma sem hún verður ef hún er umfram nemendafjöldann í fjórðu viku.

Leiði fækkun nemenda á fyrstu fullu þremur vikunum til þess að kennari uppfylli ekki ráðningarhlutfall sitt, verður hann ekki krafinn um aðra vinnu til uppfyllingar þess hluta vöntunar á vinnuframlagi.

#### **4. grein**

##### **Um viðmið og fjöldataölur**

Heildarfjöldi þeirra tíma í vinnumati áfanga sem taka mið af hverjum einstökum nemanda breytist eftir fjölda nemenda með eftirfarandi takmörkunum þó:

1. Aldrei skal greiða heildartímafjölda sem er lægri en sá sem fengist ef nemendur væru 2/3 af viðmiðunarfjölda.
2. Aukaálag komi á nemendahluta vinnumats sem nemi 100% á hvern nemanda umfram viðmið auk frávíks í öllum hópum.
3. Þess utan komi hliðstætt 20% álag á 29. og 30. nemanda í hópum með 25 nemenda fjöldaviðmið.
4. Vinnumat áfanga, skal aldrei fara undir 174,5 klst fyrir 3ja eininga áfanga samkvæmt viðmiðunarfjölda samanber nánari útfærslu í viðauka við skýrslu verkefnisstjórnar um vinnumat.

Hér er átt við viðmiðunarfjöldatölur eftir námsgreinum í auglýsingu mennta- og menningarmálaráðuneytisins nr. 4/2001. Sjá einnig ákvæði í annarri málsgrein 12. greinar kjarasamnings um samráð mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Kennarasamband Íslands og viðauka með yfirlýsingu ráðuneytisins frá 4. apríl 2014 auk viðmiða úr reiknilíkani ráðuneytisins.

#### **5. grein**

##### **Reikniaðferðir vegna vinnumats endurtekinna áfanga**

Við gerð vinnumats kom fram mismunandi mat á endurteknum áföngum sem aðilar töldu ekki rétt að tækju gildi við innleiðingu matsins. Því varð að samkomulagi að um endurtekinn áfanga gildi að hann teldist 92% af grunnmati áfangans á skólaárinu 2015-2016, en 90% af matinu skólaárið 2016-2017.

##### ***Um reikniaðferðir í vinnumati:***

Ef kennari tekur að sér tvo hópa eða fleiri í sama áfanga skerðist vinnumatið fyrir umframhópa um 8% skólaárið 2015-2016 og 10% skólaárið 2016-2017, skv. eftirfarandi reglum (tölurnar í svigunum vísa til síðara skólaársins):

Heildarfjöldi nemenda í öllum hópum kennarans í áfanganum skal lagður til grundvallar.

Mat á áfanganum skal miðast við meðaltalsfjölda nemenda beggja/allra hópa kennarans í áfanganum.

Skerðingin reiknast af heildarfjölda sömu áfanga samkvæmt eftirfarandi reiknitölum:

4% (5%) af báðum hópum ef þeir eru tveir

5,33% (6,67%) af öllum hópum ef þeir eru þrír

6% (7,5%) af öllum hópum ef þeir eru fjórir, o.s.frv.

Ofangreind skerðing hefur ekki áhrif á álag vegna yfirstærðar einstakra námshópa í áfanga samkvæmt liðum 2. og 3. í 4. grein.

## 6. grein

### Um ákvæði kjarasamnings um sérkennsluálag

Við vinnumat í sýnidæmi verkefnisstjórnar fyrir starfsbrautir í framhaldsskólum er svokallað sérkennsluálag tekið inn í reikniaðferðir fyrir starfsbrautir og eru aðilar því sammála um að bókun 9 með kjarasamningi 18. mars 2005 um viðhald þessa álags á kennslu falli úr gildi. Því verður ekki um greiðslu sérstaks álags að ræða til viðbótar vinnumatinu.

## 7. grein

### Breytingar á greinum kjarasamnings fyrir 2014 sem eru í gildi

**Fyrri grein 1.5.5** fellur brott og ný grein með sama númeri verður svohljóðandi:

**1.5.5 Yfirvinna vegna forfallakennslu sem varir í viku eða skemur**

Yfirvinnustund vegna þessarar kennslu telst 1,3 klukkustund, sé lengd hennar 40 mínútur og hlutfallslega, sé hún lengri.

Í lengri afleysingum ber að meta vinnu sem hlutfall af vinnumati áfanga.

**Grein 2.1.6.2** fellur brott en aðilar eru sammála um að áfram gildi að 80 klukkustundir utan starfstíma skóla séu ætlaðar til endurmenntunar eða undirbúnings eftir atvikum. Samanber umfjöllun um þennan þátt í viðauka 1 í samningi frá 4. apríl 2014.

**Um grein 2.1.6.2.1**, vinna á prófatíma gildir: Fyrstu tvær málsgreinar falla brott en síðasta málsgreinin gildir áfram. Hún er svohljóðandi: *Þó skal reikna 30% álag á prófavinnu kennara sem halda yfirlitspróf/stúdentspróf, úr a.m.k. tveggja ára námsefni að því marki sem vinna þeirra stafar frá þeim.* Samningsaðilar telja æskilegt að þetta atriði komi inn í vinnumat þeirra áfanga sem þetta á við um í viðkomandi skólum.

**Fyrri grein 2.1.6.4** verður svohljóðandi:

**2.1.6.4 Fjöldi vinnustunda bundinn út skólaár/önn**

Fjöldi stunda sem settur er á stundaskrá og kennari tekur að sér við upphaf skólaárs/annar, er bindandi til loka tímabils vinnuskýrslu (skólaárs,annar eða spannar/lotu). Samanber þó 3. grein þessa samkomulags um ákvæði um endanlegan fjölda nemenda.

**Fyrri grein 2.3.6** breytist og verður svohljóðandi:

**2.3.6 Greiðsla fastrar yfirvinnu**

Yfirvinna skv. föstum vinnuáætlunum greiðist mánaðarlega með jöfnum greiðslum á gildistíma vinnuskýrslu.

**Grein 2.6.1** Vikulegur fjöldi kennslustunda, fellur brott.

**Grein 2.6.2** Álag vegna tilraunakennslu fellur brott.

**Grein 2.6.3** í núgildandi samningi er um greiðslur fyrir kennslu í öldungadeildum og hliðstæðri kennslu sem miðast við farið sé allt að tvöfalt hraðar yfir námsefni en í venjulegu skólalaldi. Einnig er fjallað um þessa tegund kennslu í bókun með samningnum frá árinu 1985 sem enn gildir.

Aðilar eru ásáttir um að þessi tegund kennslu verði útfærð í nýju vinnumati og haldi í aðalatriðum sömu sérstöðu og hún hefur haft.

Samningsaðilar munu í samstarfi við verkefnisstjórn um vinnumat setja fram sýnidæmi þar sem tekið er tillit til sérkenna þessarar kennslu.

**8. grein**  
**Umfjöllun um bókanir og fylgiskjöl**

Bókanir og fylgiskjöl um eftirfarandi atriði verða endurunnin fyrir 1. október næstkomandi.

1. Fylgiskjal og bókun um kennsluskyldu frá 2001 og 2005.
2. Greiðslureglur fyrir P nemendur.

Aðilar munu innan sömu tímamarka setja fram nýja heildarútgáfu sammingsins og fara yfir skipulag hans og öll fylgigögn og bókanir.

**9. grein**  
**Atkvæðagreiðsla**

Samkomulag þetta og skýrsla verkefnisstjórnar um vinnumat ásamt viðauka dagsettum 30. mars 2015, skal fara í atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðslan skal vera leynileg meðal allra félagsmanna Kennarasambands Íslands sem samningur þessi nær til og niðurstaða liggja fyrir kl 16:00 þann 15. apríl. Samþykki báðir aðilar samkomulagið er þar með komið fullnaðarsamþykki á upptöku nýs vinnumats (A hluta).

Reykjavík, 1. apríl 2015

f.h. samninganefndar ríkisins  
með fyrirvara um samþykki  
fjármála- og efnahagsráðherra

f.h. Kennarasambands Íslands  
með fyrirvara um samþykki  
félagsmanna

*Guðmundur H. Guðmundsson (sign)*

*Guðríður Arnardóttir (sign)*

*Ólafur Siguðrsson (sign)*

*Reynir Þór Eggertsson (sign)*

*Lárus H Bjarnason (sign)*

*Elna Katrín Jónsdóttir (sign)*

*Pétur Jónasson (sign)*

*Ólafur H. Sigurjónsson (sign)*

*Snjólaug Bjarnadóttir (sign)*

*Hanna B. Vilhjálmsdóttir (sign)*

*Guðbjörn Björgólfsson (sign)*

*Helga Helena Sturlaugsdóttir (sign)*

*Kjartan Þór Ragnarsson (sign)*

**Bókanir**  
**með samkomulagi fjármálaráðherra og Kennarasambands Íslands**  
**undirrituðu 1. apríl 2015**

**Bókun 1**

Í kjarasamningi aðila er ekki tekin afstaða til þess hvort nýtt vinnumat eigi eða megi breyta heildarumfangi kennslu í framhaldsskólum. Þá liggur fyrir að miðað við óbreytta starfsemi skólanna hvað varðar námskrá og nemendafjölda telja fulltrúar ríkisins sig ekki hafa umboð til þess að semja um að nýtt vinnumat feli í sér aukningu og að fulltrúar KÍ telja sig ekki hafa umboð til þess að semja um að það leiði til minnkunar. Vegna þessa lögðu samningsaðilar áherslu á að verkefnisstjórn um vinnumat leitaðist við að sníða sýnidæmum slíkan stakk að á hvorugt sjónarmiðið hallaði í þeirri útfærslu sem sýnidæmin yrðu leiðbeinandi um.

**Bókun 2**

Verkefnisstjórn hefur samkvæmt kjarasamningi yfirumsjón með innleiðingu vinnumats. Samningsaðilar eru sammála um að í því felist meðal annars að sjá til þess að umbúnaður vinnumats í framhaldsskólum sé fullnægjandi hvað varðar kerfislega framkvæmd. Enn fremur að verkefnisstjórn sjái til þess að efni um niðurstöður vinnumats í öllum framhaldsskólum verði tekið saman og það nýtt til frekari þróunar hugmynda- og aðferðafræði þessa þáttar kjarasamningsins á samningstímanum.

*Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)*

*Guðríður Arnardóttir (sign.)*

Yfirlýsing

Fjármála- og efnahagsráðuneytisins  
með samkomulagi fjármálaráðherra og Kennarasambands Íslands  
undirrituðu 1. apríl 2015

Ráðningarhlutfall er grunnatriði í vinnusambandi starfsmanns og stofnunar og ekki er ætlað að árstíðabundnar breytingar á vinnuframboði hafi áhrif á ráðningarhlutfall starfsmanna. Breytilegt vinnumat starfsmanna á því ekki að raska ráðningarhlutfalli, nema varanleg breyting verði á aðstæðum stofnunar.

F.h.r.

*Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)*